



185. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 21. desember 2020, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Eyjólfur Bjarnason og Karl Kristjánsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Örnefnaskráning Náttúrufræðistofnunar Íslands 2020

Í samræmi við 3. gr. samnings milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 26. nóvember 2019 hefur Náttúrufræðistofnun sent upplýsingar um örnefni í Breiðafirði til Landmælinga Íslands. Í ár var skilað inn 2158 örnefnum, bæði „nýjum“ örnefnum og leiðréttingum á örnefnum. Í allt hefur verið skilað inn 3666 örnefnum í Breiðafirði og áætlað er að enn eigi eftir að skila um það bil 1500-1600 örnefnum. Þorvaldur Þór Björnsson hefur safnað örnefnunum og Anette Therisia Meier hefur séð um landupplýsingar, þ.m.t. gerð korta.

Afgreiðsla:

Lagt fram. Samþykkt að óska eftir því að Þorvaldur mæti á fund nefndarinnar á nýju ári og kynni skráningarvinnuna.

Framtíð Breiðafjarðar – umsagnir um samantekt Breiðafjarðarnefndar

Lagt fram til kynningar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar kærlega fyrir allar innsendar umsagnir. Umsagnir hafa borist frá sveitarfélögum sjö við fjórðinn auk þess sem umsagnir hafa komið frá íbúum, landeigendum, ýmsum hagsmunaaðilum s.s. sjómönnum auk annarra áhugasamra. Samþykkt að fela ritara að taka umsagnir saman í vinnuskjal og funda aftur í byrjun árs til þess að afgreiða málið.

Samþykkt að svara athugasemdum og erindi frá Samtökum dragnótamanna strax.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur:

Þriðjudagur 7. janúar kl. 10:30.

Fundi slitið kl. 11:40